

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Stakkholt 2-4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 2. maí 2014, breytingu á deiliskipulagi Hampiðjureits vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Stakkholt. Í breytingunni felst að breyta legu kvaðar um aðkomu og umferð frá Þverholti og inn um lóðina.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýr Landspítali við Hringbraut.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 7. maí 2014, breytingu á deiliskipulagi nýs Landspítala þar sem gert er ráð fyrir bráðabirgðaskrifstofum í gámaeiningum á lóð Landspítalans við Hringbraut.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fýlshólar 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 9. maí 2014, breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, Hólahverfi, norðurdeild, vegna lóðarinnar nr. 6 við Fýlshóla. Í breytingunni felst að byggingarmagn og heimild á hámarkshæð er skilgreind nánar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 16. júlí 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2014